

## Félagsþjónusta sveitarfélaga 2013

### *Municipal social services 2013*

#### *Samantekt*

Árið 2013 fengu 8.042 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 306 (4,0%) frá árinu áður. Árið 2012 fjölgaði heimilum hins vegar aðeins um 21 (0,3%) milli ára en hafði fjölgað að jafnaði um 860 árin á undan. Af þeim heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2013 voru einstæðir barnlausir karlar (45,5% heimila) og einstæðar konur með börn (26% heimila) fjölmennustu hóparnir. Árið 2013 voru tæplega 45% viðtakenda fjárhagsaðstoðar atvinnulausir og af þeim tæplega tveir þriðju án bótaréttar, alls 2.413 einstaklingar.

Á heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2013 bjuggu 13.130 einstaklingar eða 4,0% þjóðarinnar, þar af voru 4.421 barn (17 ára og yngri) eða 5,5% barna á þeim aldri. Árið 2012 bjuggu 12.586 einstaklingar eða 3,9% þjóðarinnar á slíkum heimilum, þar af voru 4.190 börn eða 5,3% barna.

Árið 2013 nutu 8.387 heimili félagslegrar heimaþjónustu. Rúmlega fjögur af hverjum fimm þessara heimila voru heimili aldraðra eða 6.893 (82,2%) og hafði þeim fjölgað um 93 (1,4%) frá árinu 2012. Á þessum heimilum aldraðra bjuggu 8.655 einstaklingur og jafngildir það 20,2% landsmanna 65 ára og eldri. Í Reykjavík naut tæplega fjórðungur (23,7%) 65 ára og eldri félagslegrar heimaþjónustu. Meðalfjöldi vinnustunda við heimaþjónustu á heimili árið 2013 var 112 (2,4 stundir á viku) og hafði þeim fækkað um tvær frá árinu á undan. Um 38% vinnustunda voru eingöngu við þrif, en í öðrum tilvikum var einnig um persónulega þjónustu að ræða.

Árið 2013 nutu 2.030 börn dagvistar á einkaheimilum og hafði þeim fjölgað um 85 (4,4%) frá árinu á undan. Alls voru rúm 7% barna 0 til 5 ára í slíkri dagvistun árið 2013. Tæp 5% allra barna á fyrsta ári voru í dagvistun á einkaheimili og tæp 40% eins árs barna, en það eru börn sem ekki hafa náð leikskólaaldri.

### Inngangur

#### *Félagsþjónusta sveitarfélaga*

Samkvæmt 1. gr. laga um nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga er „markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar“. Með félagsþjónustu samkvæmt lögunum er átt við ráðgjöf, aðstoð og þjónustu í tengslum við félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, málefni barna og ungmenna og fleira. Í viðauka er gerð nánari grein fyrir skipulagi og framkvæmd þessarar þjónustu. Árið 2011 fór fram tilfærsla á þjónustu við fatlaða frá ríki til þjónustusvæða sveitarfélaga. Um þá þjónustu er ekki fjallað í þessu hefti.

**Upplýsingaöflun**


Allt frá árinu 1987 hefur Hagstofan leitað upplýsinga árlega um félagsþjónustu sveitarfélaga. Frá árinu 1998 hefur verið leitað til sveitarfélaga með 250 eða fleiri íbúa þar sem um eða yfir 98% íbúa landsins búa.

**Fjárhagsaðstoð****Fjölgun viðtakenda fjárhagsaðstoðar á ný**

Árið 2013 fengu 8.042 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 306 (4,0%) frá árinu áður. Árið 2012 hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 21 (0,3%) en hafði fjölgað að jafnaði um 860 frá árinu 2007. Árið 2003 þáðu 6.312 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga en til ársins 2007 fækkaði þeim jafnt og þétt eða sem nam 32% á öllu tímabilinu. Breyting í fjölda fjárhagsaðstoðarþega hefur haldist í hendur við hagsveiflur eins og glögglega kemur fram í mynd 1, sem sýnir fjölda viðtakenda fjárhagsaðstoðar og árlegt hlutfall atvinnuleysis árin 1991 til 2013. Það á þó ekki við árið 2013 þegar fjárhagsaðstoðarþegum fjölgar samhliða minnkandi atvinnuleysi.

**Mynd 1. Hlutfall atvinnulausra og fjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar 1991–2013**

Figure 1. Unemployment rates and number of recipients of income support 2001–2013



Frá árinu 2012 til 2013 jukust útgjöld sveitarfélaganna vegna fjárhagsaðstoðar um 488 milljónir eða 12%, en á föstu verðlagi jukust þau um tæplega 8%. Meðal-mánaðargreiðslur fjárhagsaðstoðar hækkuðu minna á sama tíma eða um 11 þúsund kr. eða 10,3%, en á föstu verðlagi hækkuðu þær um rúm 6%. Mánaðarfjöldi sem fjárhagsaðstoð var greidd var 4,7 mánuðir að meðaltali 2013, en 4,8 mánuðir 2012 (sjá töflu 7).

**Aldur og fjölskyldugerð**

Fjölmennasti hópurinn sem fékk greidda fjárhagsaðstoð sveitarfélaga árið 2013 var sem fyrr einstæðir barnlausir karlar (44,5% heimila) og einstæðar konur með börn (26,0% heimila). Árið 2012 tók fyrrnefndi hópurinn til 43,0% heimila en sá síðar nefndi til 27,1% þeirra (sjá töflu 8).

Aldurssamsetning viðtakenda breytist lítið milli árana 2012 og 2013 og fjölmennasti aldurshópurinn var sem fyrr viðtakendur á aldrinum 25 til 39 ára eða rúm 42% heildarhóps árið 2013 en tæp 43% heildarhóps árið áður. Tæpur þriðjungur viðtakenda bæði árin 2012 og 2013 var 24 ára og yngri.

Íbúar á heimilum sem njóta fjárhagsaðstoðar

Á heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2013 bjuggu 13.130 einstaklingar eða 4,0% þjóðarinnar, þar af voru 4.421 barn 17 ára og yngra eða 5,5% barna á þeim aldri. Árið 2012 bjuggu 12.586 einstaklingar eða 3,9% þjóðarinnar á slíkum heimilum, þar af voru 4.190 börn eða 5,3% barna (sjá töflu 9).

Atvinnustaða viðtakenda fjárhagsaðstoðar

Árið 2013 voru 3.486 (44,5%) viðtakendur fjárhagsaðstoðar atvinnulausir. Árið 2012 voru 48,3% viðtakenda fjárhagsaðstoðar atvinnulausir. Árið 2013 voru rúmlega 69% hinna atvinnulausu án bótaréttar, en það átti við um tæplega 63% þeirra árið 2012.

**Tafla 1. Atvinnustaða viðtakenda fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga 2012–2013**  
Table 1. Employment status of recipients of municipal income support 2012–2013

	2012		2013	
	Fjöldi Number	%	Fjöldi Number	%
<b>Alls þekkt Total known</b>	<b>7.498</b>	<b>100,0</b>	<b>7.842</b>	<b>100,0</b>
Í starfi <i>Employed</i>	653	8,7	691	8,8
þar af í fullu starfi <i>thereof full-time</i>	359	4,8	426	5,4
þar af í hlutastarfi <i>thereof part-time</i>	274	3,7	262	3,3
þar af í hlutastarfi með hluta atvinnuleysisbætur <i>thereof part-time and part-time insured</i>	20	0,3	3	0,0
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	3.623	48,3	3.486	44,5
þar af með bótarétt <i>thereof insured</i>	1.353	18,0	1.073	13,7
þar af án bótaréttar <i>thereof non-insured</i>	2.270	30,3	2.413	30,8
Lífeyrisþegar <i>Pensioners</i>	913	12,2	959	12,2
Sjúklingar <i>Patients</i>	1.345	17,9	1.510	19,3
Heimavinnandi <i>Housewives</i>	20	0,3	22	0,3
Nemar <i>Students</i>	785	10,5	776	9,9
Annað <i>Other</i>	159	2,1	398	5,1
Upplýsingar vantar <i>Unknown</i>	238	•	200	•
<b>Alls Total</b>	<b>7.736</b>	<b>•</b>	<b>8.042</b>	<b>•</b>

## Félagsleg heimaþjónusta

Fjögur af hverjum fimm heimilum sem njóta heimaþjónustu eru heimili aldraðra

Árið 2013 nutu 8.387 heimili félagslegrar heimaþjónustu og hafði heimilum fækkað um 80 (0,9%) frá árinu á undan. Rúmlega fjögur af hverjum fimm heimila sem fengu félagslega heimaþjónustu árið 2013 voru heimili aldraðra eða 6.893 (82,2%). Heimilum aldraðra sem nutu félagslegrar heimaþjónustu hafði fjölgað árið 2013 um 93 (1,4%) frá árinu á undan. Frá árinu 2010 hafði þeim fjölgað um 400 (6,2%).

Árið 2013 voru 5.797 (69,1%) þessara heimila á höfuðborgarsvæðinu, þar af 3.728 (44,4%) í Reykjavík. Heimili aldraðra á höfuðborgarsvæðinu sem nutu heimaþjónustu fjölgaði um 304 eða 6,8% milli árána 2012 og 2013. Á sama tímabili fækkaði heimilum aldraðra í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins sem nutu heimaþjónustu um 211 eða 9,0%.

**Tafla 2. Félagsleg heimaþjónusta sveitarfélaga eftir tegundum heimila 2012–2013**

*Table 2. Households receiving municipal home-help service 2012–2013*

Fjöldi <i>Number</i>	Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>				Önnur sveitar- félög <sup>1</sup> <i>Other municipalities<sup>1</sup></i>
	Alls <i>Total</i>	Alls <i>Total</i>	Reykja- vík	Önnur <i>Other</i>	
<b>2012</b>					
<b>Heimili alls</b> <i>Households, total</i>	<b>8.467</b>	<b>5.524</b>	<b>3.805</b>	<b>1.719</b>	<b>2.943</b>
Heimili aldraðra <i>Households of the elderly</i>	6.800	4.465	3.049	1.416	2.335
Fatlaðir á heimili <sup>2</sup> <i>Handicapped in households<sup>2</sup></i>	1.244	795	558	237	449
Önnur heimili <i>Other households</i>	423	264	198	66	159
<b>2013</b>					
<b>Heimili alls</b> <i>Households, total</i>	<b>8.387</b>	<b>5.797</b>	<b>3.728</b>	<b>2.069</b>	<b>2.590</b>
Heimili aldraðra <i>Households of the elderly</i>	6.893	4.769	3.066	1.703	2.124
Fatlaðir á heimili <sup>2</sup> <i>Handicapped in households<sup>2</sup></i>	1.199	789	492	297	410
Önnur heimili <i>Other households</i>	295	239	170	69	56

<sup>1</sup> 250 íbúar eða fleiri. *250 inhabitants or more.*

<sup>2</sup> Árið 2011 fluttist þjónusta við fólk með fötlun til þjónustusvæða sveitarfélaga og eru þeir þjónustuþegar ekki meðtaldir hér. *From the year 2011 services for people with disabilities were moved to municipality's service areas, which are not included in this data.*

*Aldraðir á heimilum sem nutu heimaþjónustu*

Árið 2013 bjuggu 8.655 aldraðir eða 20,2% landsmanna 65 ára og eldri á heimilum sem nutu félagslegrar heimaþjónustu, sem er nær óbreytt frá árinu 2012 en þá nutu 8.511 einstaklingar eða 20,5% 65 ára og eldri slíkrar þjónustu. Árið 2013 naut tæplega fjórðungur (23,7%) 65 ára og eldri í Reykjavík félagslegrar heimaþjónustu. Árið 2013 naut 44,4% 80 ára og eldri félagslegrar heimaþjónustu. Tæp 60% aldraðra sem nutu heimaþjónustu bjuggu einir (sjá töflu 10).

*Vinnustundum við heimaþjónustu fækkar*

Meðalfjöldi vinnustunda við heimaþjónustu á heimili voru 112 (2,4 stundir á viku) árið 2013 og hafði vinnustundum fækkað um 2 frá fyrra ári. Á heimilum aldraðra var meðalfjöldi vinnustunda 106 árið 2011 en 109 árið 2012 og 102 árið 2013 (sjá töflu 11).

*Skipting vinnustunda við heimaþjónustu eftir tegund þjónustu*

Vegna ársins 2011 var í fyrsta sinn leitað upplýsinga um skiptingu vinnustunda við heimaþjónustu eftir tegund, hvort um er að ræða eingöngu þrif eða persónulega þjónustu eða hvoru tveggja. Með þrifum er átt við þjónustu sem eingöngu felst í þrifum húsnæðis og/eða fataþvotti. Öll önnur þjónusta telst persónuleg þjónusta.

Rúmlega 38% vinnustunda við félagslega heimaþjónustu aldraðra árið 2013 voru við þrif eingöngu, rúm 3% var persónuleg þjónusta og loks tóku rúm 58% vinnustunda til hvoru tveggja, en það átti við rúm 55% vinnustunda árið 2012. Árið 2013 voru tæp 78% vinnustunda veitt heimilum aldraðra sem búa einir og þar af voru nærri þrír fjórðu heimili kvenna. Þrif eingöngu voru í meira mæli veitt heimilum hjóna/sambúðarfólks en þeirra sem búa einir.

**Tafla 3. Hlutfallsleg skipting vinnustunda við félagslega heimþjónustu aldraða eftir tegund þjónustu og kyni 2012–2013**

Table 3. Percent division of working hours on municipal home-help service to homes of the elderly by sex and type of service 2012–2013

Hlutfallsleg skipting Percent division	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Giftir /í sambúð Married /co- habiting	Fjöldi vinnu- stunda Number of working hours
<b>2012<sup>1</sup></b>					
<b>Alls Total</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>•</b>
Þrif eingöngu Help with necessary practical duties	39,4	36,0	36,4	49,8	(291.912)
Persónuleg þjónusta Personal care	5,2	3,3	4,6	8,7	(38.795)
Bæði þrif og persónuleg þjónusta Both personal care and help with necessary practical duties	55,3	60,7	59,0	41,5	(409.889)
Fjöldi vinnustunda Number of working hours	•	(160.473)	(409.639)	(170.485)	(740.596)
<b>2013</b>					
<b>Alls Total</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>•</b>
Þrif eingöngu Help with necessary practical duties	38,3	36,2	34,6	49,5	(268.978)
Persónuleg þjónusta Personal care	3,4	3,0	3,1	4,4	(23.739)
Bæði þrif og persónuleg þjónusta Both personal care and help with necessary practical duties	58,3	60,8	62,3	46,1	(409.809)
Fjöldi vinnustunda Number of working hours	•	(156.439)	(388.707)	(157.379)	(702.525)

<sup>1</sup> Breyting talna frá síðusut birtingu. Figures revised from last publication.

### Dagvistun barna á einkaheimilum

Börn sem nutu dagvistar

Árið 2013 nutu 2.030 börn dagvistar á einkaheimilum og hafði þeim fjölgað um 85 (4,4%) frá árinu á undan. Alls voru rúm 7% barna 0 til 5 ára í slíkri dagvistun árið 2013. Tæp 5% allra barna á fyrsta ári voru í dagvistun á einkaheimili og tæp 40% eins árs barna, en það eru börn sem ekki hafa náð leikskólaaldri.

Dvalartími barna í dagvistun

Árið 2013 dvaldi mikill meirihluti barna í dagvistun á einkaheimilum í 8 stundir eða lengur eða rúm 88%.

**Tafla 4. Börn í dagvistun á einkaheimilum eftir aldri og lengd viðveru 2013**  
 Table 4. Children in daycare in private homes by age of children and daily attendance 2013

	Alls Total	Á fyrsta ári first year	1 árs 1 year	2–5 ára 2–5 years
<b>Alls Total</b>	<b>2.030</b>	<b>198</b>	<b>1.794</b>	<b>38</b>
5 klst. eða skemur 5 hours or less	46	7	38	1
6 klst. 6 hours	56	4	51	1
7 klst. 7 hours	136	15	120	1
8 klst. 8 hours	934	68	849	17
9 klst. 9 hours	858	104	736	18
<b>Hlutfallsleg skipting</b>				
<b>Percentage division</b>				
<b>Alls Total</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
5 klst. eða skemur 5 hours or less	2,3	3,5	2,1	2,6
6 klst. 6 hours	2,8	2,0	2,8	2,6
7 klst. 7 hours	6,7	7,6	6,7	2,6
8 klst. 8 hours	46,0	34,3	47,3	44,7
9 klst. 9 hours	42,3	52,5	41,0	47,4

Rúmlega fjögur börn að jafnaði á dagforeldri

Meðalfjöldi barna í gæslu á heimili voru 4,2 árið 2013, sem er örlítill aukning frá árinu 2012. Rúm 6% dagforeldra voru karlar árið 2013 en árið 2012 voru karlar tæp 7% þeirra. Árið 2013 hafði 46% dagforeldra starfað 5 ár eða skemur en það átti við rúm 50% þeirra árið 2011. Árið 2013 hafði rúmlega 35% dagforeldra starfað 11 ár eða lengur en það átti við 33% þeirra árið 2012 (sjá töflu 12).

**Tafla 5. Dagforeldrar eftir kyni og starfsaldri 2012–2013**  
 Table 5. Child minders in private homes by sex and period of employment 2012–2013

	Alls Total	5 ár eða skemur 5 year or less	6 til 10 ár 6 to 10 years	11 ár eða lengur 11 years or longer	„Heilsdagsbörn“ á dagforeldri <sup>1</sup> Full-time children per child minder <sup>1</sup>
<b>2012</b>					
<b>Alls Total</b>	<b>465</b>	<b>214</b>	<b>96</b>	<b>155</b>	<b>4,0</b>
Karlar Males	32	24	6	2	-
Konur Females	433	190	90	153	-
<b>2013</b>					
<b>Alls Total</b>	<b>468</b>	<b>197</b>	<b>105</b>	<b>166</b>	<b>4,2</b>
Karlar Males	30	24	6	-	-
Konur Females	438	173	99	166	-

<sup>1</sup> Breyting talna frá síðusut birtingu. Figures revised from last publication.

## Viðauki

Lög um fjárhagsaðstoð

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991) tóku gildi í mars 1991. Samhliða féllu úr gildi framfærslulög frá árinu 1947. Í framfærslulögunum var fjallað um framfærslustyrki sveitarfélaga, en hugtakið fjárhagsaðstoð kom með tímanum í stað hugtaksins framfærslustyrkur. Fjárhagsaðstoð er samkvæmt lögunum síðasta úrræðið, lægsta öryggisnetið og beinist að þeim sem ekki geta séð fyrir sér og sínum

(litið er á hjón/sambúðarfólk og börn yngri en 18 ára sem eina einingu) af eigin launatekjum, lífeyri eða bótum.

*Leiðbeinandi reglur  
velferðarráðuneytis*

Félagsmálayfirvöldum sveitarfélaga er skylt að setja reglur um veitingu fjárhagsaðstoðar. Velferðarráðuneytið hefur gefið út leiðbeinandi reglur þar um skv. 21. gr. laga nr. 40/1991. Um er að ræða tvenns konar reglur. Annars vegar leið A framfærsla barna er talin með og hins vegar leið B framfærsla barna er ekki talin með. Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð er grunnfjárhæð lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur umsækjanda og maka ef við á.

Í báðum leiðum eru húsaleigu- og vaxtabætur ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með þeim greiðslum. Í leið A teljast til heildartekna allar tekjur og greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins (nema barnalífeyrir), greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlofsgreiðslur, meðlög, barnabætur, mæðra-/feðralaun, leigutekjur o.s.frv. og koma til frádráttar grunnfjárhæð. Í leið B teljast allar sömu tekjur og í A til tekna nema meðlög, barnabætur og mæðra-/feðralaun sem eru undanþegin. Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárförf í leið B öfugt við leið A.

Fram til ársins 2010 gaf ráðuneytið út leiðbeinandi reglur um grunnfjárhæð en ekki eftir það. Vegin meðalgrunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga til einstaklings 18 ára og eldri árið 2013 er 152.841 kr. á mánuði. *Grunnfjárhæðin* hækkar miðað við fjölskyldustærð eftir því sem hér segir:

Krónur	Grunnfjárhæð	Leið A		Leið B	
		Margföldunarstuðull	Fjárhæð	Margföldunarstuðull	Fjárhæð
Einstaklingur	152.841	1,0	152.841	1,0	152.841
Hjón / sambúðarfólk	152.841	•	•	1,6	244.546
Tveggja manna fjölskylda	152.841	1,6	244.546	•	•
Þriggja manna fjölskylda	152.841	1,8	275.114	•	•
Fjögurra manna fjölskylda	152.841	2,0	305.682	•	•
Fimm manna fjölskylda	152.841	2,2	336.250	•	•

*Meðalgrunnfjárhæð og reglur  
sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð  
árið 2013*

Hagstofa leitaði upplýsinga um grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar árið 2013 hjá sveitarfélögum. Meðalfjárhæð var 152.841 kr. en árið 2012 var meðalfjárhæð 147.350 kr. og hafði hækkað um 3,7% milli árunna, en lækkað um 0,1% á föstu verðlagi. Eins og fram kemur í töflu 6 eru grunnfjárhæðir hærri á höfuðborgarsvæði en utan þess.

Árið 2013 hafa 59 af 60 sveitarfélögum með 250 eða fleiri íbúa (98%) sett sér reglur um fjárhagsaðstoð sem byggja annað hvort á viðmiði A eða B. Í þeim sveitarfélögum búa tæplega 100% íbúa sveitarfélaga af þessari stærð. Meirihluti þeirra er með reglur sem byggja á viðmiðum leiðar B. Þetta á við um 33 sveitarfélög þar sem búa 82% íbúa sveitarfélaga.

**Tafla 6. Reglur um fjárhagsaðstoð og grunnfjárhæð eftir sveitarfélögum 2013**

Table 6. Municipal regulations on income support and basic amounts 2013

	Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>			Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	
	Alls <i>Total</i>	Alls <i>Total</i>	Reykja- vík		Önnur <i>Other</i>
<b>Alls Total</b>					
Fjöldi sveitarfélaga <i>Number of municipalities</i>	59	6	1	5	53
Meðalgrunnfjárhæð kr. <i>Average basic income support ISK</i>	152.841	156.247	163.635	141.914	138.735
Íbúafjöldi <i>Population</i>	323.598	208.342	121.116	87.226	115.256
<b>Leið A Rule A</b>					
Fjöldi sveitarfélaga <i>Number of municipalities</i>	26	1	•	1	25
Meðalgrunnfjárhæð kr. <i>Average basic income support ISK</i>	137.335	141.683	•	141.683	136.217
Íbúafjöldi <i>Population</i>	58.808	14.137	•	14.137	44.671
<b>Leið B Rule B</b>					
Fjöldi sveitarfélaga <i>Number of municipalities</i>	33	5	1	4	28
Meðalgrunnfjárhæð kr. <i>Average basic income support ISK</i>	154.262	156.564	163.635	141.929	140.051
Íbúafjöldi <i>Population</i>	264.764	194.204	121.116	73.088	70.560

Skilgreining félagslegrar  
heimaþjónustu

Með félagslegri heimaþjónustu er átt við aðstoð til handa þeim sem búa í heima-  
húsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu sök-  
um skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

Lög um félagslega  
heimaþjónustu

Árið 1952 voru sett lög um heimilishjálp í viðlögum og voru þau í gildi allt fram til  
ársins 1991. Á þessum tíma var sveitarfélögum ekki skylt að veita heimilishjálp  
heldur var þeim heimilt að starfrækja slíka þjónustu. Hlutverk hennar var að veita  
hjálp á heimilum þegar sannað var með læknisvottorði eða á annan hátt að hjálpar-  
innar væri þörf um stundarsakir. Með þessum lögum var lagður grunnur að félags-  
legri heimaþjónustu þó ýmsar breytingar hafi orðið á henni síðan, einkum þó er hún  
varð lögbundin með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991). Reyndar  
var öldruðum tryggð heimilishjálp í lögum frá 1971 og hafa aldraðir löngum verið  
stærsti hópur þeirra sem njóta félagslegrar heimaþjónustu. Ríkissjóður greiddi  
sveitarfélögum lengi vel  $\frac{1}{3}$  hluta kostnaðar vegna heimilishjálpar við aldraða.

Dagvistun barna á  
einkaheimilum.

Upplýsingar þær sem hér koma fram taka til barna sem vistuð eru hjá einstakling-  
um sem hafa leyfi (viðurkenningu) sveitarfélags til gæslu barna gegn greiðslu. Í  
flestum tilvikum niðurgreiða sveitarfélögin daggjöld vegna barnanna.



## English summary

A total of 8,042 households received municipal income support in 2013, an increase by 306 (4.0%) from the year before. In the year 2012 the increase from the year before was only 21 (0.3%) household but in the years before the average increase was 860 households a year. Households of single men without children (45.5%) and households of single women with children (26.0%) were as before the biggest groups receiving income support. In the year 2013 nearly 45% of recipients of municipal income support were unemployed and thereof nearly two third non-insured or 2,413 individuals.

In households receiving income support in the year 2013 were 13,130 individuals or 4.0% of inhabitants in the country, thereof were 4,421 children (17 years of age or younger) or 5.5% of all children in the country. In the year 2012 there were 12,586 individuals, 3.9% of inhabitants in the country, living in households receiving income support, thereof 4,190 children or 5.3% of all children in Iceland.

In the year 2013, 8,387 households received municipal home-help service. More than four of every five of these households were households of the elderly or 6,893 (82.2%). That was an increase of 93 (1.4%) households from the year 2012. A total of 8,655 individuals or 20.2% of inhabitants 65 years or older were living in these households. In the municipality of Reykjavík, little less than 24% of that age group received home-help service. The average number of hours worked per household receiving municipal home-help service in the year 2013 was 112 (2.4 hours per week) a decrease by 2 hours from the year before. Little more than 34% of hours were help on necessary practical duties only but the rest included personal service also.

In the year 2013, 2,030 children were enrolled in daycare in private homes, an increase by 85 (4.4%) from the year before. That was little more than 7% of children at the age of 0 to 5 years in the country. Thereof were little less than 5% of all children in the first year and nearly 40% of children 1 year of age, but those are children that have not reached the pre-primary school age.

**Tafla 7. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og meðalgreiðslur 2012–2013**Table 7. *Recipients of municipal income support 2012–2013*

	Fjöldi heimila <i>Number of homes</i>	Þar af nýir viðtakendur <sup>1</sup> <i>Thereof new recipients<sup>1</sup></i>	Útgjöld, þús. kr. <i>Income support expenditure, thous. ISK</i>	Meðalfjárhæð fjárhagsaðst. á mánuði, kr. <i>Average monthly income support per home, ISK</i>	Meðalfjöldi mánaða greitt <i>Average number of months paid</i>
<b>2012<sup>2</sup></b>					
<b>Alls Total</b>	<b>7.736</b>	<b>4.104</b>	<b>4.064.424</b>	<b>109.912</b>	<b>4,8</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	5.690	3.139	3.335.316	119.571	4,9
Reykjavík	4.182	2.427	2.671.805	121.132	5,3
Önnur á höfuðborgarsvæði <i>Capital region, other</i>	1.508	712	663.511	113.673	3,9
Önnur sveitarfélög <sup>3</sup> <i>Other municipalities<sup>3</sup></i>	2.046	965	729.108	80.254	3,9
<b>2013</b>					
<b>Alls Total</b>	<b>8.042</b>	<b>3.835</b>	<b>4.552.508</b>	<b>121.251</b>	<b>4,7</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	5.907	2.861	3.740.177	127.856	5,0
Reykjavík	4.274	2.464	2.914.423	128.028	5,3
Önnur á höfuðborgarsvæði <i>Capital region, other</i>	1.633	397	825.754	127.254	4,0
Önnur sveitarfélög <sup>3</sup> <i>Other municipalities<sup>3</sup></i>	2.135	974	812.331	97.954	5,0

<sup>1</sup> Fengu ekki greitt á fyrra ári. *Did not receive support the year before.*<sup>2</sup> Breyting talna frá síðustu birtingu. *Figures revised from last publication.*<sup>3</sup> Önnur sveitarfélög með 250 eða fleiri íbúa. *Other municipalities with 250 or more inhabitants.*

**Tafla 8. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir fjölskyldugerð og aldri 2012–2013**  
*Table 8. Families receiving social assistance from municipalities by type of family and age 2012–2013*

Hlutfallsleg skipting <i>Percent division</i>	Alls <i>Total</i>	24 ára	25–39	40–54	55–64	65 ára	Fjöldi fjöl- fjölsk./ heimila <i>No. of families/ house- holds</i>
		og yngri <i>years or younger</i>	ára <i>years</i>	ára <i>years</i>	ára <i>years</i>	og eldri <i>years or older</i>	
<b>2012</b>							
<b>Fjölskyldur/heimili alls <i>Families/households, total</i></b>	<b>100,0</b>	<b>30,4</b>	<b>42,7</b>	<b>18,7</b>	<b>5,9</b>	<b>2,2</b>	•
Einstæðir karlar með börn <i>Single men with children</i>	2,1	0,2	1,0	0,8	0,1	0,0	(161)
Einstæðir karlar, barnlausir <i>Single men without children</i>	43,0	14,2	17,4	7,7	2,8	0,9	(3.326)
Einstæðar konur með börn <i>Single women with children</i>	27,1	6,5	15,2	5,1	0,3	0,0	(2.098)
Einstæðar konur, barnlausar <i>Single women without children</i>	19,9	8,8	5,3	3,0	1,9	0,9	(1.540)
Hjón/sambúðarfólk með börn <i>Married/cohabiting couples with children</i>	5,5	0,6	3,4	1,4	0,2	0,0	(429)
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus <i>Married/cohabiting couples without children</i>	2,4	0,2	0,5	0,7	0,7	0,4	(182)
Fjöldi fjölskyldna/heimila <i>Number of families/households</i>	•	(2.353)	(3.301)	(1.450)	(459)	(173)	(7.736)
<b>2013</b>							
<b>Fjölskyldur/heimili alls <i>Families/households, total</i></b>	<b>100,0</b>	<b>28,4</b>	<b>42,3</b>	<b>19,9</b>	<b>6,8</b>	<b>2,7</b>	•
Einstæðir karlar með börn <i>Single men with children</i>	1,8	0,1	0,9	0,8	0,1	0,0	(148)
Einstæðir karlar, barnlausir <i>Single men without children</i>	44,5	13,3	18,3	8,3	3,4	1,3	(3.582)
Einstæðar konur með börn <i>Single women with children</i>	26,0	6,2	14,8	4,8	0,2	0,0	(2.094)
Einstæðar konur, barnlausar <i>Single women without children</i>	19,7	8,0	4,8	3,7	2,2	1,1	(1.587)
Hjón/sambúðarfólk með börn <i>Married/cohabiting couples with children</i>	5,6	0,7	2,9	1,8	0,2	0,0	(450)
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus <i>Married/cohabiting couples without children</i>	2,3	0,2	0,6	0,6	0,6	0,3	(181)
Fjöldi fjölskyldna/heimila <i>Number of families/households</i>	•	(2.280)	(3.401)	(1.600)	(546)	(215)	(8.042)

**Tafla 9. Íbúar á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir aldri og sveitarfélögum 2012–2013**

*Table 9. Inhabitants of households receiving social assistance by age 2012–2013*

	Alls <i>Total</i>	17 ára og yngri <i>years or younger</i>	18–24 ára <i>years</i>	25–39 ára <i>years</i>	40–54 ára <i>years</i>	55–64 ára <i>years</i>	65 ára og eldri <i>years or older</i>
<b>Fjöldi íbúa <i>Number of inhabitants</i></b>							
<b>2012</b>							
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>12.586</b>	<b>4.190</b>	<b>2.411</b>	<b>3.604</b>	<b>1.648</b>	<b>530</b>	<b>203</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	8.988	2.909	1.713	2.653	1.173	387	153
Reykjavík	6.514	2.039	1.231	1.935	887	301	121
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	2.474	870	482	718	286	86	32
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities<sup>1</sup></i>	3.598	1.281	698	951	475	143	50
<b>2013</b>							
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>13.130</b>	<b>4.421</b>	<b>2.349</b>	<b>3.685</b>	<b>1.816</b>	<b>617</b>	<b>242</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	9.278	2.981	1.650	2.690	1.331	448	178
Reykjavík	6.588	2.033	1.162	1.939	978	339	137
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	2.690	948	488	751	353	109	41
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities<sup>1</sup></i>	3.852	1.440	699	995	485	169	64
<b>Hlutfall af aldurshópum</b>							
<b><i>Percentage of age groups</i></b>							
<b>2012</b>							
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>3,9</b>	<b>5,3</b>	<b>7,1</b>	<b>5,4</b>	<b>2,6</b>	<b>1,5</b>	<b>0,5</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	4,4	5,8	8,0	5,9	2,9	1,7	0,6
Reykjavík	5,4	7,5	9,6	7,0	3,8	2,2	0,8
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	2,9	3,8	5,6	4,2	1,7	0,9	0,3
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities<sup>1</sup></i>	3,1	4,4	5,7	4,4	2,1	1,1	0,3
<b>2013</b>							
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>4,0</b>	<b>5,5</b>	<b>6,9</b>	<b>5,5</b>	<b>2,8</b>	<b>1,7</b>	<b>0,6</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	4,5	5,9	7,7	5,9	3,3	1,9	0,7
Reykjavík	5,4	7,4	9,1	6,9	4,2	2,5	0,9
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	3,1	4,1	5,6	4,3	2,0	1,1	0,4
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities<sup>1</sup></i>	3,3	5,0	5,7	4,6	2,1	1,3	0,4

<sup>1</sup> Önnur sveitarfélög með 250 eða fleiri íbúa. *Other municipalities with 250 or more inhabitants.*

**Tafla 10. Íbúar á heimilum aldraðra sem njóta heimaþjónustu sveitarfélaga eftir tegund heimila, kyni og aldri 2012–2013**

Table 01. Elderly in households receiving municipal home-help service by type, sex and age 2012–2013

	2012			2013		
	Alls <i>Total</i>	Ein- hleypir <i>Single</i>	Giftir/ í sambúð <i>Married/ cohabiting</i>	Alls <i>Total</i>	Ein- hleypir <i>Single</i>	Giftir/ í sambúð <i>Married/ cohabiting</i>
<b>Fjöldi <i>Number</i></b>						
<b>Alls 65 ára og eldri</b>						
<b><i>Total 65 years and older</i></b>	<b>8.511</b>	<b>5.089</b>	<b>3.422</b>	<b>8.665</b>	<b>5.121</b>	<b>3.544</b>
65–74 ára <i>years</i>	1.692	884	808	1.766	890	876
75–79 ára <i>years</i>	1.720	918	802	1.636	840	796
80 ára og eldri <i>years and older</i>	5.099	3.287	1.812	5.263	3.391	1.872
<b>Karlar alls <i>Males, total</i></b>						
65–74 ára <i>years</i>	681	277	404	762	324	438
75–79 ára <i>years</i>	661	260	401	641	243	398
80 ára og eldri <i>years and older</i>	1.773	867	906	1.857	921	936
<b>Konur alls <i>Females, total</i></b>						
65–74 ára <i>years</i>	1.011	607	404	1.004	566	438
75–79 ára <i>years</i>	1.059	658	401	995	597	398
80 ára og eldri <i>years and older</i>	3.326	2.420	906	3.406	2.470	936
<b>Hlutfall aldurshópa</b>						
<b><i>Percent of age groups</i></b>						
<b>Alls 65 ára og eldri</b>						
<b><i>Total 65 years and older</i></b>	<b>20,5</b>	<b>12,3</b>	<b>8,2</b>	<b>20,2</b>	<b>11,9</b>	<b>8,3</b>
65–74 ára <i>years</i>	7,6	4,0	3,6	7,5	3,8	3,7
75–79 ára <i>years</i>	22,8	12,2	10,6	21,7	11,2	10,6
80 ára og eldri <i>years and older</i>	43,7	28,2	15,5	44,4	28,6	15,8
<b>Karlar alls <i>Males, total</i></b>						
65–74 ára <i>years</i>	6,1	2,5	3,6	6,6	2,8	3,8
75–79 ára <i>years</i>	18,8	7,4	11,4	18,1	6,9	11,2
80 ára og eldri <i>years and older</i>	37,0	18,1	18,9	38,3	19,0	19,3
<b>Konur alls <i>Females, total</i></b>						
65–74 ára <i>years</i>	9,0	5,4	3,6	8,5	4,8	3,7
75–79 ára <i>years</i>	26,2	16,3	9,9	24,9	14,9	10,0
80 ára og eldri <i>years and older</i>	48,4	35,2	13,2	48,7	35,3	13,4

**Tafla 11. Fjöldi vinnustunda<sup>1</sup> við heimaþjónustu sveitarfélaga eftir tegund heimila 2012–2013**Table 11. Number of hours<sup>1</sup> of service given to households receiving municipal home-help service 2012–2013

	Fjöldi heimila <i>Number of inhabitants in households</i>	Fjöldi heimilis- manns <i>Number of households</i>	Hlutfall 65 ára og eldri <i>Percent of 65 years and over</i>	Meðalfjöldi vinnustunda á heimili á ári <sup>2</sup> <i>Average hours worked per household<sup>2</sup></i>		
				Þrif ein- göngu <i>Necessary practical duties only</i>	Persónuleg þjónustua eingöngu <i>Only personal care</i>	Bæði þrif og persónu- leg þjón. <i>Both personal care and help on nec. pract.</i>
<b>2012<sup>3</sup></b>						
<b>Heimili alls</b> <i>Households, total</i>	<b>8.467</b>	<b>11.421</b>	<b>• 115</b>	<b>42</b>	<b>10</b>	<b>64</b>
Heimili aldraðra <i>Households of the elderly</i>	6.800	8.511	20,5 109	43	6	60
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.244	1.904	• 151	36	25	89
Önnur heimili <i>Other households</i>	423	1.006	• 111	35	32	44
<b>2013</b>						
<b>Heimili alls</b> <i>Households, total</i>	<b>8.387</b>	<b>11.354</b>	<b>• 112</b>	<b>39</b>	<b>12</b>	<b>62</b>
Heimili aldraðra <i>Households of the elderly</i>	6.893	8.665	20,2 102	39	3	59
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.199	1.970	• 153	35	41	77
Önnur heimili <i>Other households</i>	295	719	• 185	44	85	56

<sup>1</sup> Fjöldi heimila og vinnustunda allt árið. *Number of households and hours worked the whole year.*<sup>2</sup> Með þrifum er átt við þjónustu sem eingöngu felst í þrifum húsnæðis og/eða fataþvotti. Persónuleg þjónusta er öll önnur þjónusta. *Necessary practical duties are cleaning of households and/or washing of cloths. Personal service include all other services.*<sup>3</sup> Breyting talna frá síðusut birtingu. *Figures revised from last publication.*

**Tafla 12. Börn í dagvistun á einkaheimilum eftir aldri og landsvæðum 2012–2013**

Table 12. Children in daycare in private homes by age of children and region 2012–2013

	Alls <i>Total</i>	Á fyrsta ári <i>first year</i>	1 árs <i>1 year</i>	2 ára <i>2 years</i>	3 ára <i>3 years</i>	4 ára <i>5 years</i>	5 ára <i>6 years</i>
<b>2012</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>1.945</b>	<b>247</b>	<b>1.667</b>	<b>17</b>	<b>9</b>	<b>4</b>	<b>1</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	1.387	190	1.184	8	3	1	1
Reykjavík	785	119	654	7	3	1	1
Önnur <i>Other</i>	602	71	530	1	-	-	-
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities</i> <sup>1</sup>	558	57	483	9	6	3	-
<b>2013</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>2.030</b>	<b>198</b>	<b>1.794</b>	<b>25</b>	<b>11</b>	<b>1</b>	<b>1</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	1.404	148	1.225	20	10	-	1
Reykjavík	831	98	706	17	10	-	-
Önnur <i>Other</i>	573	50	519	3	-	-	1
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities</i> <sup>1</sup>	626	50	569	5	1	1	-
<b>Hlutfall af aldurshópum</b>							
<b>Percent of age groups</b>							
<b>2012</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>6,9</b>	<b>5,4</b>	<b>37,1</b>	<b>0,3</b>	<b>0,2</b>	<b>0,1</b>	<b>0,0</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	7,6	6,4	40,5	0,3	0,1	0,0	0,0
Reykjavík	7,6	6,7	38,9	0,4	0,2	0,1	0,1
Önnur <i>Other</i>	7,5	5,9	42,7	0,1	-	-	-
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities</i> <sup>1</sup>	5,8	3,6	30,9	0,5	0,4	0,2	-
<b>2013</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>7,3</b>	<b>4,6</b>	<b>39,4</b>	<b>0,6</b>	<b>0,2</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	7,7	5,1	41,3	0,7	0,3	-	0,0
Reykjavík	8,1	5,8	40,8	1,0	0,6	-	-
Önnur <i>Other</i>	7,1	4,2	42,0	0,2	-	-	0,1
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities</i> <sup>1</sup>	6,6	3,5	35,7	0,3	0,1	0,1	-

<sup>1</sup> Önnur sveitarfélög með 250 eða fleiri íbúa. *Other municipalities with 250 or more inhabitants.*

**Hagfíðindi** **Heilbrigðis-, félags- og dómsmál**  
**Statistical Series** ***Health, social affairs, justice***

99. árg. • 33. tbl.

ISSN 0019–1078

2014:3

ISSN 1670–4673 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670–4681 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Kristinn Karlsson • kristinn.karlsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)